

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (tilhögun strandveiða).

Flm.: Inga Sæland, Guðmundur Ingi Kristinsson.

1. gr.

1. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2021.

Greinargerð.

Mál þetta var áður flutt á 149. og 150. löggjafarþingi (118. mál) en náði ekki fram að ganga. Með frumvarpi þessu er lagt til að fellt verði brott ákvæði um strandveiðar í lögum um stjórn fiskveiða sem setja þau skilyrði að óheimilt sé að stunda veiðar föstudaga, laugar-
daga og sunnudaga og að ráðherra geti með reglugerð bannað strandveiðar á almennum frí-
dögum.

Nokkur reynsla er komin á nýtt fyrirkomulag strandveiða sem innleitt var með breytingum á lögum um stjórn fiskveiða sem samþykktar voru á Alþingi 26. apríl 2018. Strandveiðikerfið er að mörgu leyti vel heppnuð ráðstöfun. Veiðunum fylgja umtalsverð umsvif í höfnum og kærkomnar tekjur á landsbyggðinni yfir sumartímamann en síðustu tvö strandveiðitímabil hefur ekki tekist að fullnýta úthlutaðar aflaheimildir til strandveiða.

Heildarviðmið afla til strandveiða sumarið 2018 voru 10.200 tonn af óslægðum botnfiski. Alls voru 548 bátar á strandveiðum og varð heildaraflinn 9.396 tonn. Því voru 804 tonn af kvótabundnum tegundum óveidd af þeim heimildum sem voru ætlaðar til strandveiða það sumar. Heildarþorskaflinn á tímabilinu var 9.075 tonn. Miðað við aflasamsetningu og meðal-
verð strandveiðiafla sumarið 2018 má ætla að verðmæti óveidds þorsks hafi numið um 200 millj. kr.

Svipað er uppi á teningnum þegar tölur fyrir strandveiðitímabilið 2019 eru skoðaðar. Afla-
heimildin fyrir strandveiðar var 11.100 tonn af óslægðum botnfiski í kvótabundnum tegund-
um. Alls voru 623 bátar á strandveiðum og varð heildaraflinn rúm 9.700 tonn. Því voru um
1.350 tonn óveidd í lok tímabilsins 2019. Samkvæmt upplýsingum á vef Fiskistofu var
strandveiðiaflinn nær eingöngu þorskur en alls veiddust tæp 9.170 tonn af þorski. Verð á
þorski var ríflega þriðjungu herra sumarið 2019 en sumarið 2018. Sé varlega áætlað að
meðalverð hafi verið 320 kr./kg má reikna með að rúmlega 400 millj. kr. aflaverðmæti í
þorski hafi verið óveitt í lok vertíðar 2019.

Það er umhugsunarefni að ekki takist að nýta aflaheimildir sem úthlutað er til strandveiða.
Margar breytur hafa hér áhrif og vega náttúrulegar sveiflur sjálfsagt þyngst í þeim efnum. Þar
má nefna dræma fiskgengd og gæftaleysi. Í gildandi lögum um stjórn fiskveiða eru líka
lagðar verulegar takmarkanir á veiðigetú strandveiðiflotans. Þar má nefna að einungis má

veiða ákveðna daga í viku hverri í maí, júní, júlí og ágúst. Veiðidagar á hvern bát eru að hámarki 12 í hverjum mánuði. Aðeins má nota handfærarúllur og ekki fleiri en fjórar í hverjum bát. Tímatakmarkanir eru á hverri veiðiferð og hámarksafli í veiðiferð er 650 kg þorskígildi af kvótabundnum tegundum.

Eins og fyrr er greint stunduðu 548 bátar strandveiðar sumarið 2018 og 623 sumarið 2019. Veruleg þjóðhagsleg fjárbinding er í þessum flota. Vart getur talist þjóðhagslega hagkvæmt að á hverju sumri brenni inni veiðiheimildir fyrir hundruð milljóna króna reiknað í aflaverðmæti. Þjóðarbúið í heild verður af tekjum.

Flutningsmenn telja að með því að fella út ákvæði sem bannar veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga og heimilar ráðherra að banna strandveiðar á almennum frídögum með reglugerð hafi útgerðir og skipstjórar strandveiðibáta meira rými til að velja sína 12 veiðidaga í hverjum mánuði sjálfir. Þar með skapist svigrúm til betri nýtingar á veiðidögum og með því aukin aflavon. Þetta mundi svo auka líkur á því að strandveiðiflotinn næði að fullnýta aflaheimildir sínar þjóðfélaginu til hagsbóta.